

Nd.

161. Frumvarp til laga

um breyting á jarðreктarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

II.—V. lið 9. gr. laganna skal orða svo:		
II. a.	Skurðir, 1 m og grynri	kr. 1.50 10 m ³
b.	Skurðir, dýpt 1—1,3 m.	— 1.80 — —
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m.	— 2.50 — —
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	— 2.25 10 m.
e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	— 1.50 — —
f.	Hnausarræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	— 1.00 — —
g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	— 2.25 — —
III. a.	Þaksléttur í nýrækt	— 2.00 100 m ²
b.	Græðisléttur í nýrækt	— 1.40 — —
c.	Sáðsléttur í nýrækt	— 2.50 — —
d.	Sáðsléttur í nýrækt, 1 árs forrækt	— 3.00 — —
e.	Sáðsléttur í nýrækt, 2 ára forrækt	— 3.50 — —
f.	Þaksléttur í túni	— 2.00 — —
g.	Græðisléttur í túni	— 1.25 — —
h.	Sáðsléttur í túni	— 2.00 — —
i.	Matjurtagarðar	— 1.80 — —
j.	Grjótnám úr ræktunarlandi, aldrei yfir 50 m ³ á býli árlega	— 1.00 1 m ³
IV. a.	Girðingar um ræktað land, sem að vörn og varanleik jafngilda 5 strengja gaddavirsgirðingu	— 2.00 10 m.
b.	Sama gerð, með steiptum horn- og hliðarstólpum og gegn- umdreyptum stólpum eða öðrum jafngóðum	— 2.50 — —

V. a. Þurrheyshlöður, steypar með járnþaki	kr. 1.00	1 m ³
b. Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki	— 0.50	— —
c. Votheyshlöður, steypar með járnþaki, hringlaga	— 4.00	— —
d. Votheyshlöður af annarri lögun, steypar með járnþaki ..	— 3.50	— —

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbót á jarðræktarstyrk þann, sem talinn er í 9. og 11. gr., samkvæmt verðlagsvisitölu kauplagsnefndar næsta ár á undan. Af jarðabótastyrk þeim, sem talinn er í 9. og 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa. Styrkur sá, sem veittur er vegna verðlagsuppbótar, skal ekki talinn með við útreikning hámarksupphæða þeirra, sem um getur í 11., 13. og 16. gr.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabótastyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

- Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist 30% hærri styrkur.
- Býlum, sem fengið hafa samtals 7000—10000 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býlum, sem fengið hafa samtals 2000—7000 kr., skal greiða styrk samkvæmt ákvæðum 9. gr. En býlum, sem fengið hafa fullar 10000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur.

Ekki nær ákvæðið um heildarhámarksstyrk til þeirra búa, er bæjarfélög reka vegna þess, að ókleift er að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóta aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að áliti Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er býli skipt, og ef jarðarpartarnir verða í sjálfabúð, erfðaabúð eða lifstiðarabúð, skiptist upphæð þess styrks, sem býlið hefur fengið, sbr. 11. gr., milli býlanna eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Frá styrkuppheðinni skal þó draga 25% áður en skipti fara fram milli býlanna. Þá upphæð, sem þannig er fengin, skal leggja til grundvallar við útreikning framhaldsstyrks fyrir umbætur á býlinu. Verði býli þessi aftur sameinuð, skal leggja saman jarðræktarstyrk þann, er þau hafa notið, og hækka þá tölu um 25%. Jarðræktarstyrk annarra býla, sem sameinuð kunna að verða, skal leggja saman án hækkunar.

5. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

a. Til byggingar safngryfja og haughúsa	samtals	kr. 1500.00
b. Til byggingar þurrheyshlaða	—	500.00
c. Til byggingar votheyshlaða	—	350.00
d. Til jarðræktar á ári	—	600.00

6. gr.

Á eftir orðunum „sem ætla má“ í 14. gr. laganna komi: að dómi Búnaðarfélags Íslands.

7. gr.

Í stað „5 þús. kr.“ í 16. gr. laganna komi: 10000 kr.

8. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Rétt eiga menn að stofna félag um:

- a. Að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða.
- b. Að útvega íbúum kaupstaða, kauptúna og sveitaborpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eignar eða erfðaleigu.
- c. Að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lögþýla, þar sem aðstaða við framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands.
- d. Jarðræktarfélög, sem ekki geta heyrt undir a-, b- eða c-lið þessarar greinar, skulu því aðeins njóta þess réttar, er 19. gr. áskilur þessum félögum:
 1. að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar.
 2. að tilgangur ræktunarinnar sé aðeins framleiðsla jarðargróða.
 3. að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar.
 4. að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögum sé veittur sá réttur.

9. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Þau félög, sem stofnuð eru samkvæmt 18. gr. og fullnægja að öðru leyti skilyrðum laga þessara, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Þegar byggt hefur verið yfir fólk og fénað á löndum félaga samkv. a-, b- og c-lið 18. gr., fá býlin styrk samkvæmt ákvæðum 9. og 11. gr.

10. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa ákveðið að stofna félag samkvæmt 18. gr., skulu á stofnfundi setja því samþykkt. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félagsins, heimili þess og varnarþing.
- b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
- c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda og skilyrði fyrir lög-mæti þeirra.
- d. Skipun félagsstjórnar, kosning hennar, kjörtímabil og vald hennar í félagsmálum.
- e. Hverjar landareignir félagið hafi til umræða.
- f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem félagsskapurinn hefur í för með sér.
- g. Bókhald félagsins og endurskoðun.
- h. Heimildir til lántöku og ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.
- i. Breytingar samþykkt, félagsslit og hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað.

Samþykkt skal vera staðfest af atvinnunálaráðuneytinu, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Ræktunarfélög, sem stofnuð eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu skrásett.

11. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd hætta á, að þau ræktunarlönd, er í 18. gr. getur, komist við eigendaskipti á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hreppsbúa, og hefur hún þá fyrir hönd hreppsins forkaupsrétt á löndunum. Bæjarstjórnir í kaupstöðum hafa og sama rétt. Shr. lög nr. 55 15. júní 1926.

12. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal árlega greiða 80000 krónur til verkfærakaupasjóðs. Búnaðarfélag Íslands annast rekstur sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélögum, til að eignast eftirtaldar vélar og verkfæri:

1. Hestverkfæri til jarðyrkju, forardælur, steingálga og verkfæri vegna garðyrkju og kornræktar.
2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar og heybindingsvélar.
3. Tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélar, prjónavélar og vefstóla.
4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum og minni skurðgröfur. Styrkurinn nemi allt að $\frac{1}{3}$ af kaupverði þeirra verkfæra, sem talin eru í 1.—3. tölulið þessarar greinar, en allt að $\frac{1}{4}$ af kaupverði vélanna eða verkfæranna, sem talin eru í 4. tölulið. En aldrei skal þó styrkurinn fara yfir 700 krónur samtals til sama manns.

14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Styrkur til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum veitist aðeins búnaðarsamböndum og búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi. Er styrkurinn þessum skilyrðum bundinn:

1. Að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum.
2. Að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félögnum nauðsynleg.
3. Að félagið hafi hús yfir áhöldin, selji þau ekki með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

15. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær ásamt álitinu í gerðabók félagsins og sendir þær svo ásamt umsögn sinni til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

16. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Innstæður, sem einstök búnaðarfélög eiga í sjóðnum, skulu áfram vera séreign þeirra. Skal þeim varið til að styrkja verkfærakaup viðkomandi félaga eða meðlima þeirra, og fá þessir aðilar ekki styrk úr sameiginlegum sjóði, fyrr en innstæða þeirra er eydd. Skuldir þær, sem safnast hafa hjá einstökum búnaðarfélögum, skulu greiddar úr sameiginlegum sjóði á næstu tveim árum.

17. gr.

29. gr. laganna orðist svo:
Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

18. gr.

30. gr. laganna orðist svo:
Eign vélasjóðs, sem var 1. jan. 1942 kr. 70471.73, verður stofnfé sjóðsins, og má ekki skerða það. Við stofnféð skal árlega leggja helming þess vaxtafjár, sem sjóðnum áskotnast, svo og ef afgangur verður af rekstrarfé sjóðsins.

Ríkissjóður skal árlega greiða sjóðnum 25000 krónur, sem verður ásamt helmingi vaxtanna rekstrarfé hans.

19. gr.

31. gr. laganna orðist svo:
Starfsemi sjóðsins skal vera tvískipt. Skal $\frac{2}{3}$ af stofnfé hans varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

$\frac{1}{3}$ hluta af stofnfé sjóðsins skal nota til vélakaupa samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 20. gr. þessara laga.

20. gr.

32. gr. laganna orðist svo:
Vélasjóður kaupir og gerir tilraunir með vélknúðar jarðræktarvélar og minni skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlandum staðháttum. Vélar þær, er að dómi verkfæranefndar reynast nothæfar, skal búnaðarsamböndum, félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

21. gr.

33. gr. laganna orðist svo:
Kostnaður við tilraunir þær, er 20. gr. gerir ráð fyrir, þar með talinn rekstrar-kostnaður vélanna meðan tilraunir standa yfir, greiðist úr vélasjóði.

22. gr.

34. gr. laganna orðist svo:
Ríkið kaupir stærri skurðgröfur til meiri háttar framræslu, áveituframkvæmda eða breytingar vatnsfarvega, enda liggi fyrir rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands, að þeirra sé þörf.

Sé nauðsynlegt að gera tilraunir með skurðgröfur þessar, áður en þær eru teknar í notkun, greiðist sá kostnaður úr vélasjóði.

23. gr.

35. gr. laganna orðist svo:
Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins. En atvinnuáráðuneytið setur reglur um rekstur þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

24. gr.

36. gr. laganna orðist svo:
Landþurrkunar- eða áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, hefur rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og hefur umsjón með viðhaldi þeirra.

25. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir að $\frac{1}{3}$ kostnað þann, er leiðir af starfsemi landþurrkunar- og áveitufélaga, sem um getur í 36. gr., svo sem rekstri skurðgrafnanna (þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og váttrygging), öðrum skurðagrefsti, byggingu flóðgátta og flóðgarða. $\frac{1}{3}$ kostnaðar heimilast landþurrkunar- eða áveitufélögum að taka að láni, en $\frac{1}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

26. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

27. gr.

Aftan við 45. gr. laganna bætist:

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins styrkhæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

28. gr.

Í stað bráðabirgðaákvæða laganna komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Næstu 10 ár skal þúfnasléttun í túni styrkt með 400—500 kr. pr. ha., eftir tegund jarðabótarinnar, samkvæmt reglugerð, enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst $\frac{1}{10}$ túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda.

Ákvæði þetta skal miða að því að útrýma öllu túnþýfi á næstu 10 árum.

Búnaðarsamböndin skulu hvert á sínu svæði hafa mælt allt túnþýfi áður en fyrsta úttekt til styrkgreiðslu í þessu skyni fer fram á viðkomandi sambandssvæði.

Undir þessa mælingu heyrir aðeins það túnþýfi, sem eftir er ósléttað af hinu upprunalega túni, enda heyrir ekki þar undir fitjar eða óhæfilega grýtt tún.

Búnaðarfélag Íslands gefur út nánari fyrirbælingu til búnaðarsambandanna viðvikjandi mælingu túnþýfis og úttekt til styrkgreiðslu á þessar jarðabætur.

Greinargerð.

Á aðalþingi 1941 flutti landbúnaðarnefnd samhljóða frumvarp, sem náði þá ekki afgreiðslu. Flytur nefndin því frv. nú að nýju, með sömu greinargerð og því fylgdi í fyrri, og fer hún hér á eftir.

„Á búnaðarþingi 1939 skipaði þingið þriggja manna millipínganefnd, sem skyldi taka til meðferðar ýmis vandamál landbúnaðarins. Eitt verkefni þessarar nefndar, en hana skipuðu þeir Hafsteinn bóndi Pétursson á Gunnsteinsstöðum, Jón bóndi Sigurðsson á Reynistað og Þorsteinn bóndi Sigurðsson á Vatnsleysu, var að endurskoða jarðræktarlögin.

Nefndin skilaði tillögum sínum fyrir búnaðarþing það, sem sat að störfum í febrúarmánuði s.l. Búnaðarþing hafði breytingartillögur millipínganefndarinnar til rækilegrar yfirvegunar og samþykkti síðan frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum.

Frumvarp þetta var sent landbúnaðarnefnd Nd. Hefur nefndin yfirfarið frv. rækilega og gert við það nokkrar breytingar. Þótt nefndin flytji frumvarpið og sé því samþykkt í öllum aðalatriðum, hafa nefndarmenn samt óbundnar hendur um einstök atriði þess.

Hér skal stuttlega skýrt frá þeim helztu breytingum, sem frumvarp þetta gerir á gildandi jarðræktarlögum.

Um breytingar á II. kafla laganna (Um styrki til jarðræktar og húsabóta).

Styrkur til framræslu er hækkaður nokkuð frá því, sem verið hefur. Mun hækkunin nema nálægt 20%. Þó er það dálítið breytilegt eftir því, um hvaða tegund af skurðum og ræsum er að ræða. Framræslan hefur alltaf verið styrkt of lítið á móts við jarðvinnslu. Þess vegna hefur stundum verið vanrækt að þurrka nýræktarlandið nægilega. Er það álit vort, að eina ráðið til þess að bæta úr þessu sé, að styrkur verði sambærilegur við þann styrk, sem veittur er til jarðvinnslunnar.

Lagt er til, að styrkur til þaksléttna verði hækkaður lítils háttar. Þessi ræktun-araðferð er nú óviða viðhöfð, og þá aðallega þar, sem jörð er svo grýtt, að hestaverkfærum verður ekki við komið. Þá er og lagt til, að hækkaður verði styrkur á sáðsléttur, sem eru þannig gerðar, að landið hefur verið ræktað í eitt eða tvö ár, áður en grasfræi var sáð.

Þá er og lagt til að hækka allverulega styrk til votheystófta. Er hin mesta nauðsyn að auka votheysgerð mjög frá því, sem er, þótt nokkuð hafi skipazt í því efni síðustu árin. Áhrifaríkast verður að hækka styrkinn eins og hér er lagt til.

Þá er gert ráð fyrir samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, að verðlagsuppbót verði greidd á jarðræktarstyrkinn. Er ætlað til, að verðlagsuppbót þessi miðist við meðalverðlagsvísitölu kauplagsnefndar næsta ár áður en styrkurinn er greiddur. Eigi að halda áfram nokkrum jarðræktarframkvæmdum, meðan verðbólga sú ríkir, sem nú er, verður að greiða einhvers konar verðuppbætur, og þykir þá rétt og sjálfsagt að miða þær við þær uppbætur, sem greiddar eru á laun starfsmanna ríkisins og annarra launþega þjóðfélagsins.

Ákvæðum jarðræktarlaganna um hámarksstyrk til býla er allmikið breytt. Heildarhámarksstyrkur til hvers býlis er hækkaður úr 5 þús. krónum í 10 þúsund krónur, en jafnframt er ákveðið, að býli, sem fengið hafa yfir 7000 krónur í heildarstyrk, verði aðeins greiddur hálfur styrkur út á hvert verk, miðað við ákvæði 9. gr. laganna. Nefndarmenn hafa nokkuð skiptar skoðanir um, á hvern hátt eigi að koma þessu fyrir, en þetta er samkomulagstillaga, sem nefndin öll stendur að. Hins vegar er býlum, sem fengið hafa innan við 2000 krónur, veittur 30% hærri styrkur fyrir hvert verk heldur en 9. gr. ákveður. En áður var hér miðað við 1000 króna hámark til býlis og aðeins veitt 20% upphót. Heildarhámarksstyrkur á votheyshlöður er ákveðinn 350 krónur, en áður var hámark á allar heyhlöður, þar með taldar votheyshlöður, 500 krónur, en þá upphæð er nú heimill að veita til hvers býlis sem styrk á þurrheyshlöður. Hins vegar hefur hámarksstyrkur til jarðræktar til hvers býlis verið lækkaður úr 800 krónum í 600 krónur. Telur nefndin, að ástæðulaust sé að veita hærri upphæð árlega en hér er lagt til.

Til landbúnaðarnefndar hefur verið vísað frumvarpi frá Gísla Sveinssyni o. fl. um að fella niður 17. gr. jarðræktarlaganna. Nefndin hefur rætt þetta atriði allmikið, og er það vilji allra nefndarmanna að reyna að finna samkomulagsgrundvöll, svo að takast megi að leysa þetta gamla deiluefni, svo að báðir aðilar megi vel við una. Mun nefndin starfa að því undir meðferð frumvarpsins hér í deildinni.

Nokkrar smærri breytingartillögur leggur nefndin til, að gerðar verði við II. kafla jarðræktarlaganna, en telur ekki ástæðu til að skýra þær sérstaklega.

Um breytingar á III. kafla laganna (Um félagsræktun).

Þessum kafla jarðræktarlaganna hefur verið breytt í ýmsum atriðum og aukinn að miklum mun.

Nefndin taldi rétt að setja ýmis nánari ákvæði um markmið, formlega stofnun og starfsemi félaga, er rétt öðlast samkvæmt ákvæðum kaflans. Enn fremur er sett ákvæði um, að samþykktir félaganna skuli staðfestar af ráðuneyti því, er fer með landbúnaðarmál. Þá hefur og þótt rétt að setja ákvæði um ihlutunarrétt sveitar- og bæjarstjórna, er sérstaklega stendur á.

Um ákvæði hinna einstöku greina frv. skal sérstaklega tekið fram:

Um 8. gr. Félög, sem stofnuð eru samkvæmt a- og c-lið, er gert ráð fyrir, að hafi sem markmið að undirbúa stofnun nýbýla og stuðla þar með að fjölgun sjálfstæðra lögbýla, er notendur geti haft fullt lífsframfæri af.

Félög, sem stofnuð eru samkvæmt b-lið, er ætlað til, að hafi það verksvið að undirbúa og framkvæma félagsræktun á löndum, er félagar þeirra fá á erfðaleigu til framleiðslu búsafurða, er geti verið stuðningur í lífsframfæri þeirra, er aðalvinnu stunda í kaupúnum og þorpum.

Sveitar- og bæjarstjórnir þykja vegna kunnugleika og annarrar aðstöðu sjálf-sagður aðili um að gæta þess, að tryggður sé sá réttur einstakra félagsmanna, er í b-lið getur.

Rétt þykir, að í þessum kafla séu ákvæði, er taki til annarrar félagsræktunar, sem bundin er við sameiginleg eignar- eða leiguumráð á landi, meðal annars til að tryggja, að aðeins verði styrkt sú ræktun, er hefur að markmiði framleiðslu á hagnýtum jarðargróða, og að fyrirfram sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar.

Um 10. gr. Rétt þykir að setja ákvæði um samþykktir ræktunarfélaga, og með ákvæðunum er í aðalatriðum sett skilyrði fyrir því, að samþykkt geti orðið staðfest, sem sjálf-sagt þykir, að það ráðuneyti geri, er fer með landbúnaðarmál, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Vegna þeirra félaga, sem í miklar framkvæmdir ráðast, þykir rétt, að félögin séu skrásett.

Um 11. gr. Sveitar- og bæjarstjórnir eru sjálfkjörnir aðilar, ef hætta þykir á, að ræktunarlönd þau, er í 18. gr. getur, geti við eigendaskipti komið á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hrepps- eða bæjarbúa, og er því lagt til, að um þessi lönd gildi þau ákvæði, að þessir aðilar hafi forkaupsrétt.

Um breytingar á IV. kafla laganna (Um verkfæraakaupasjóð).

Verkfæraakaupasjóður hefur komið að stórmiklu gagni og stuðlað mjög að því, að efnalífr bændur hafa getað keypt jarðvinnslu- og heyvinnuvélar. Við framkvæmd þeirra lagaákvæða hefur þó komið í ljós, að nauðsynlegt er að breyta skipulagi verkfæraakaupasjóðsins allmikið frá því, sem nú er.

Höfuðbreyting sú, sem nefndin leggur til, að sé gerð á fyrirkomulagi sjóðsins, er, að hann verði gerður að óskiptum sameignarsjóði allra hreppabúnaðarfélaga í landinu, í stað þess að fé því, sem hann hefur haft til umráða, hefur verið skipt milli hreppabúnaðarfélaganna árlega og hlutdeild hvers félags því verið séreign þeirra.

Verkfæraakaupasjóður hefur síðan 1928 verið starfræktur á þessum grundvelli. Það kom strax í ljós, meðan sjóðnum aðeins var ætlað að styrkja bændur til að kaupa hestaverkfæri, að mörg hreppabúnaðarfélögin höfðu ekki aðstöðu til að nota það fé á þann hátt, er lögin gerðu ráð fyrir, þar sem einstaklingum þótti henta betur, að tveir eða fleiri væru í samlögum um eign og notkun jarðvinnslutækjanna. Síðar var verksvið sjóðsins aukið, þegar upp var tekið að styrkja heyvinnuvélar og tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar í sveitum.

Við þá breytingu notuðu fleiri félög innstæður sínar, en ljóst var þó strax, að þau félögin, sem mesta þörf höfðu fyrir jarðyrkjuverkfæri og mest höfðu keypt af þeim, keyptu einnig mest af heyvinnuvélum, en aðstaða þeirra til að styrkja þau kaup varð því erfiðari sem verksvið sjóðsins jókst. Þegar nýju jarðræktarlögin voru sett, var breytt þeim grundvelli, sem skipting fjárens milli félaga var byggð á. Skipting þessi hafði verið byggð á tölu jarðabótamanna, en var breytt á þann hátt, sem er í núgildandi lögum, að það reiknast eftir tölu félagsmanna að $\frac{1}{3}$, en að $\frac{2}{3}$ eftir

ákvæðunum er í aðalatriðu sett skilyrði fyrir því, að samþykkt geti orðið staðfest, er svo misjöfn eftir staðháttum. Heimildin til að lána upp á væntanlegar innstæður bætti nokkuð úr brýnustu þörf, en raunverulega aðeins fyrst eftir að breytingin var gerð.

Innstæður og skuldir félaga hafa verið þessar:

	Innstæða kr.	Skuldir kr.
1. jan. 1938	70168.70	16490.91
1. — 1939	70246.39	18449.82
1. — 1940	73075.65	15265.78
1. — 1941	74453.00	12220.13

Félög, sem eiga innstæður 1940, eru 149, en 146 árið 1941. Félög, sem skulda, eru árið 1940 68, en 1941 eru þau 74.

Þegar athugaður er rekstur sjóðsins, verður ljóst, að innstæður eru hjá mörgum félögum óhreyfðar, og nokkur félög hafa aldrei notfært sér fé sitt, vegna þeirrar einskorðunar, sem verður að vera um styrkveitingarnar.

Önnur félög hafa verið að reyna að skipta árlegum tekjum til styrks á keypt verkfæri félaga sinna, og hafa styrkfjárhæðirnar þannig orðið aðeins lítilfjórlegur hluti af verði vélanna, eða frá 20—50 krónur á vélar, er kosta 400—700 krónur.

Nefndin er sammála um, að betur náist sá tilgangur, sem sjóðnum er ætlað að hafa, með því að sjóðurinn sé óskiptur. Búnaðarfélagin dæmi um nauðsyn og verðleika félagsmanna til að njóta styrks, en Búnaðarfélag Íslands, sem hefur nákvæma spjaldskrá um allar styrkveitingar síðan 1928, felli fullnaðarúrskurð um, hve mikill og hverjum er veittur styrkur árlega.

Markmið sjóðsins er að sjá fyrir þörf bænda til að geta eignast nauðsynlegustu vinnuvélar. Til þess að það geti orðið þarf að beina fénu til styrktar á þá staði, sem mesta hafa þörfina á hverjum tíma, og er það gert mögulegt með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir.

Um hinar einstöku greinar frv. skal tekið fram:

Um 12. gr. Ástæðurnar fyrir breytingu hennar eru þegar teknar fram.

Um 13. gr. Þar er nokkru nánar skilgreint en áður, hver verkfæri eru styrkhæf. Hámark til hvers einstaklings er hækkað úr 400 í 700 kr., og er þá gengið út frá, að bóndinn geti eignast hinar allra nauðsynlegustu vinnuvélar.

Um 14. gr. Þar eru sett nokkru ákveðnari skilyrði fyrir styrkveitingum til dráttarvéla og skurðgrafna.

Um 16. gr. Er afleiðing þeirrar efnisbreytingar, sem gerð er á lögnum. Félögin halda vitanlega þeirri séreign sinni, sem þegar er til orðin, en ætlað er til, að skuldir félaganna við sjóðinn séu afborgaðar úr sjóðnum á tveim árum.

Um breytingar á V. kafla laganna (Um vélasjóð).

Þessi kafla jarðræktarlaganna hefur einkum komið að gagni til þess að gera hreppabúnaðarfélagum kleift að geta keypt dráttarvélar til jarðvinnslu. Meginhlutinn af fé sjóðsins hefur staðið í þess konar lánnum. En þar sem mjög lítið hefur verið keypt af slíkum vélum síðstu árin, er meginhluti af fé sjóðsins, sem er fast við 70 þús. krónur, nú í sjóði.

Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, að rikissjóður skuli greiða vélasjóði 50 þús. krónur í eitt skipti fyrir öll. Af þessu stofnframlagi hafa verið greiddar 35 þús. kr. Með frumvarpi þessu er ætlað til, að rikissjóður greiði árlegt gjald til vélasjóðs, að upphæð 25 þús. krónur.

Er ætlað til þess, að starfsemi vélasjóðs verði tvíþætt. Sumpart verði honum varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins, en sumpart til þess að gera tilraunir með nýjar tegundir vélknúinna jarðræktarverkfæra. Er hin mesta þörf á því, að í tilraunaskyni megi kaupa ýmsar nýjar vélar, svo sem jarðvinnsluvélar, minni skurðgröfur og fleiri þess konar vélknúin tæki, sem að gagni geta komið við ýmsar

meiri háttar landbúnaðarframkvæmdir. Eins og nú er getur vélasjóður alls ekki sinnt þessu verkefni, en fengist árlegt framlag úr ríkissjóði til vélasjóðs, mundi hann geta sinnt því verkefni, og tvímælalaust til stórmikils gagns fyrir landbúnaðinn.

Um breytingar á VII. kafla laganna (Um erfðaleigulönd).

Við þennan kafla jarðræktarlaganna er aðeins gerð ein smávægileg breytingartillaga. Stefnir hún að því að gefa Búnaðarfélagi Íslands meira vald til eftirlits með þeim framkvæmdum, sem gerðar eru á erfðafestulöndum við kaupstaði og kauptún.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Landbúnaðarnefnd lítur svo á, að bráðabirgðaákvæði þau, sem samþykkt voru með jarðræktarlögunum 1936, megi falla úr gildi, þar sem þau ákvæði tóku aðeins til fyrstu árana eftir gildistöku laganna.

Hins vegar gerði búnaðarþing tilögur um ný bráðabirgðaákvæði. Fjalla þau um að veita sérstakan styrk til þess að slétta túnþýfi. Þessi styrkur er miðaður við það, að allt túnþýfi verði slétt á næstu 10 árum. Svo er til ætlazt, að styrkur þessi verði því aðeins greiddur, að vissum skilyrðum verði fullnægt, svo sem að búnaðarsamböndin hafi látið mæla upp allt túnþýfi og að Búnaðarfélag Íslands gefi út sérstaka reglugerð um framkvæmd þessa máls.

Þótt landbúnaðarnefnd flytji þessi bráðabirgðaákvæði ásamt flestum öðrum tilögum búnaðarþings um breytingar við jarðræktarlögin, þá eru sumir nefndarmenn samt mótfallnir þessu ákvæði og áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartilögur við seinni umræðu frumvarpsins hér í deildinni.“